

Rússneskur kveðskapur á Íslandi

Drög að skráum yfir rússneskan kveðskap
á íslensku 1884–2015 og íslenska þýðendur
rússneskra ljóðverka

Mikill fjöldi rússneskra bókmenntaverka hefur verið þýddur á íslensku. Talið er að elsta þýðing rússnesks verks sé frá árinu 1878 og er það íslensk þýðing smásögunnar „Выстрел“ („Hólm-gangan“) eftir Alexander Púshkín.¹ Nokkrar tilraunir til að flokka og skrá niður heimildir um íslenskar þýðingar rússneskra bókmenntaverka hafa verið gerðar. Árið 1992 var birt skrá yfir rússneskar bókmenntir í íslenskri þýðingu á árum 1879–1991, sem Áslaug Agnarsdóttir tók saman.² Sú skrá náði einungis til útgefna bóka en ekki til efnis í tímaritum. Freyja Melsted tók saman skrá yfir þýdd verk eftir rússneskumælandi höfunda í íslenskum bókum og tímaritum á árum 1878–1910 í lokaverkefni sínu við Háskóla Íslands.³ Einnig má nefna ritið *Af erlendri rót* eftir Svanfríði Larsen þar sem finna má skrá yfir þýðingar í blöðum og tímaritum á íslensku á árum 1874 til 1910, þar á meðal yfir þýðingar rússneskra bókmenntaverka.⁴

¹ Í athugasemd með þýðingunni stendur: „Mun þetta vera í fyrsta skipti, að rússneskur skáldskapur sjest á íslensku—það er skáldskapur, þó að það sje ekki í ljóðum ...“; Alexander Púshkín, „Hólm-gangan“, *Ísafold* 4, 5, 7, 9, 10/1878, bls. 13–18, 25–26, 35–38, hér bls. 13.

² Áslaug Agnarsdóttir, „Dostojevskíj á meðal vor“, *Skírnir* 166(vor)/1992, bls. 227–248, hér bls. 245.

³ Freyja Melsted, *Elstu íslenskar útgáfur af rússneskum skáldskap. Þýðingar frá 1879–1910*, ritgerð til BA-prófs í rússnesku, Hugvísindasvið Háskóla Íslands, 2015, <http://skemman.is/handle/1946/20388> [sótt 9. apríl 2015].

⁴ Svanfríður Larsen. *Af erlendri rót*, Reykjavík: Bókmenntastofnun Háskóla Íslands, Háskólaútgáfan, 2006.

Í þeim drögum sem hér birtast er tekið saman yfirlit um þýðingar á rússneskum ljóðverkum sem birst hafa á íslensku, í bókum og öðrum íslenskum prentmiðlum frá 1878 til dagsins í dag. Fyrri skráin inniheldur yfirlit yfir þýðingar á ljóðverkum eftir rússnesk ljóðskáld, en í þeirri síðari er að finna lista yfir íslenska þýðendur og þýðingar þeirra. Skrárnar eru ætlaðar öllum þeim sem fást við þýðingar, þýðingarannsóknir, tungumálakennslu og tungumálanám og þeim sem hafa áhuga á rússneskum kveðskap á Íslandi. Þótt markmiðið hafi verið að safna sem flestum heimildum um birtingu þýddra rússneskra ljóðverka í íslenskum prentmiðlum eru þessar skrár engan veginn tæmandi.

Íslensku heitunum í skránum fylgir rússneskt heiti ljóðanna og yrkisár þeirra. Hér á landi fylgja ljóðabýðingum úr rússnesku sjaldan upplýsingar um frumtexta og þýðendur gefa oft þýðingum sínum nýtt heiti. Þess má einnig geta að vandasamt getur verið að þekkja ljóðið af þýðingu þess og því getur leit að upprunalegu ljóði oft reynst erfið og tímafrek.

Taka skal sérstaklega fram að í skránum eru einungis skráð ljóðverk eftir rússneskumælandi höfunda. Ljóð eftir ljóðskáld frá fyrrverandi Sovétríkjunum, sem ortu ekki á rússnesku, heldur á móðurmáli sínu, er ekki að finna í skránum.

Hvernig nota skal skrárnar

Í skrá yfir íslenskar þýðingar rússneskra ljóðverka eftir birtingarári eru þýðingarnar skráðar fyrst eftir ljóðskáldum í stafrófsröð og svo eftir birtingarári í íslenskum prentmiðlum. Ritunarreglur rússneskra nafna á íslensku hafa breyst í gegnum tíðina og í dag eru nöfn sumra ljóðskálda skráð í íslenskum leitarkerfum á ólíkan hátt. Stundum er talsverður munur á stafsetningu nafnanna og í þeim tilvikum eru nöfn ljóðskálda gefin með tvenns konar rithætti. Þýðingar sem birtar voru á sama ári eftir tiltekinn höfund eru taldar upp í stafrófsröð en þýðingar sama ljóðs eftir tvo eða fleiri þýðendur eru skráðar eftir birtingarári þýðingar. Ef þýðing bar ekkert heiti en var birt undir titli eins og „Ljóð“ eða „Brot“ þá er hún í skránni nefnd eftir fyrstu ljóðlínu þýðingarinnar í gæsalöppum. Ef sama þýðingin var birt sama ár á nokkrum stöðum, eru heimildir taldar upp í sama töflureit eftir stafrófsröð.

Í dálknum „Frumtexti“ eru skráð rússnesk heiti þýddra ljóða og yrkisár þeirra. Rússnesk ljóð bera oft engan titil en heita þá eftir fyrstu ljóðlínunni. Einnig geta mismunandi ljóð eftir sama ljóðskáld borið sama heiti og þá er oft gefin fyrsta lína ljóðsins, ásamt heitinu. Þessari hefð er fylgt í skránum.

Öll ljóð án höfundarnafns eru talin upp í lok fyrri skrárinnar undir fyrirsögninni „Óþekktir eða ótilgreindir höfundar“.

Í skrá yfir íslenska þýðendur og þýðingar þeirra eftir birtingarári eru þýðendur skráðir eftir stafrófsröð og þýðingarnar taldar upp eftir fyrsta birtingarári og loks eftir stafrófsröð undir ártali. Ef sama þýðing var birt undir ólíkum heitum á komandi árum, voru allar útgáfur slíkrar þýðingar skráðar undir birtingarári þeirra. Til dæmis var ljóðið „Еще более душевный рассвет“ eftir Boris Pasternak í þýðingu Geirs Kristjánssonar birt árið 1958 undir heitinu „Ennþá mollulegri dögum“, árið 1961 undir heitinu „Ennþá drungalegri dögum eftir drungalega nótt“ og árið 1991 undir heitinu „Drungaleg dögum“. Hér er hver nýr titill skráður eftir birtingarári hans.

Í sumum tilvikum voru þýðingar birtar án þess að þýðanda væri getið. Þetta er algengt í blöðum og tímaritum fyrri ára. Þýðingar án þýðandanafns eru taldar upp í lok þýðendaskrárinnar undir titlinum „Óþekktir eða ótilgreindir þýðendur“.

Hér á eftir verða taldar upp þær tölulegu athuganir sem komu í ljós við uppsetningu á skránum og einnig verður farið stuttlega yfir þróun aðferða við yfirfærslu endaríms í þýðingum rússneskra ljóðverka.

Ljóð

Í skránum eru þýðingar á u.þ.b. 255 rússneskum ljóðverkum. Til ljóðverka eru hér taldir textar eins og ljóð og brot úr stærri ljóðverkum, prósaljóð, sönglagatextar, ljóðabálkar, forn hetjukvæði, leikrit í bundnu máli og einnig skáld- og ævintýrasögur í bundnu máli.

Elsta verkið í skránni er eftir Gavríla Derzhavín og er það ljóðið „Bor“ („Lofgjörð skaparans“), sem var ort árið 1784⁵ en

⁵ Gavríla Derzhavin, „Lofgjörð skaparans“, *Austri* 22/1895, bls. 433–436.

prósaljóðin, sem Ívan Túrgejev orti árið 1878, voru fyrst valin til þýðinga á Íslandi og birt árið 1884.⁶

Fyrsta íslenska bókin með þýðingum á rússneskum ljóðum kom út árið 1917 og í henni voru birt tvö þýdd ljóð eftir Aleksej Tolstoj.⁷

Ekki voru öll skráð ljóðverk þýdd beint úr rússnesku og reyndar voru þýðingar úr millimáli algengar áður fyrr. Í athugasemdadálknum í þýðingaskránni má sjá upplýsingar um þýðingar úr öðrum tungumálum en rússnesku, ef slíkar upplýsingar liggja fyrir – sem er fremur sjaldgæft, og því er ekki vitað með vissu hve mörg skráð verk voru þýdd úr millimáli.

Í sumum tilvikum tókst ekki að finna frumtexta þýðinga. Þetta á einkum við um þýðingar sem birtust án höfundarnafns. Alls eru þýðingar án frumtexta 35 talsins en 23 þeirra er að finna í ljóðabók eftir Olég Titov í þýðingu Eyvindar Erlendssonar.⁸ Þessi ljóð voru aldrei birt á frummálinu og voru þýdd úr handriti.

Ljóðskáld

Í skránni eru 40 nafngreind ljóðskáld en tíu skráð ljóðverk voru birt án höfundarnafns. Gavríla Derzhavín fæddist fyrstur allra nafngreindra skálda, árið 1743, en flestir höfundarnir fæddust á tímabilinu 1850 til 1950.

Vinsælustu ljóðskáldin meðal þýðenda eru Alexander Púshkín og Ívan Túrgejev. Alls tíu þýðendur lögðu fyrir sig að þýða verk Púshkíns á tímabilinu frá 1936 til 2000 en prósaljóð eftir Ívan Túrgejev voru þýdd af sjö nafngreindum og hugsanlega tveimur ónafngreindum þýðendum á árunum 1884 til 1928. Anna Akhmatova og Míkhaíl Lermontov fylgja fast á eftir með sjö þýðendur hvort.

Ljóð eftir Boris Pasternak voru oftast valin til þýðingar en samtals birtust þýðingar á 37 ljóðum hans og komu fimm þýðendur þar að verki. Næstur er Ívan Túrgejev með 23 prósaljóð og síðan Vladímír Majakovskíj með 20 ljóð.

⁶ Alls voru þýðingar á tíu prósaljóðum eftir Ívan Túrgejev birtar það ár.

⁷ Alexis Tolstoy, „Til vinar“, „Bæn“, *Sjöfn*, þýðingar úr erlendum málum eftir Ágúst H. Bjarnason. Reykjavík: Prentsmiðjan Gutenberg, 1917, bls. 29–30.

⁸ Eyvindur Erlendsson, „Eftirmáli“, *Hvar er hjarta þitt Ísland? Ljóð og laust mál*, Reykjavík: Eigin útgáfa, 2001, bls. 61–62, hér bls. 61.

Eftir Alexander Púshkín eru ennfremur skráð fjölbreyttustu þýddu verkin, svo sem ljóð, leikrit og ævintýrasögur í bundnu máli og einnig voru þýdd brot úr skáldsögu hans í ljóðum, Jevgení Onegín (rússn. *Евгений Онегин*). Ævintýrasagan Rúslan og Ljúdmíla (rússn. *Руслан и Людмила*) var endursögð sem barnasaga í óbundnu máli og kölluð Leitín að Ljúdmílu fögru⁹ en ævintýrinu um fiskimanninn og fiskinn (rússn. *Сказка о рыбаке и рыбке*) var breytt í jólasögu, einnig í óbundnu máli og kallað „Kona fiskimannsins“.¹⁰

Öll ljóðskáldin í skránni eru vel þekkt í Rússlandi og víða um heim þótt eitt þeirra skeri sig úr. Árið 1904 birtist á Íslandi ljóð eftir Nikulás II. Rússakeisara í þýðingu M.J.,¹¹ en skáldskapur hans er lítt þekktur, jafnvel í heimalandinu. Þýðingunni fylgdi umsögn þar sem segir meðal annars: „Þannig yrkir hann, heimsins voldugasti maður, Nikulás II., einvaldurinn yfir öllum Rússum.“ Þýðingin komst í skrána, þótt ekki tækist að rekja slóð hennar nánar og er hún skráð undir eigin nafni keisarans, eins og það er ritað í blaðinu.¹²

Þýðendur

Skráðir þýðendur eru 40 talsins. Elstur er Matthías Jochumsson sem fæddist árið 1835, en yngst er Berglind Gunnarsdóttir, fædd árið 1953. Framlag skráðra þýðenda er breytilegt. 17 þeirra þýddu einungis eitt ljóð hver, en eftir Geir Kristjánsson liggja þýðingar á u.þ.b. 95 ljóðverkum eftir 17 ljóðskáld. Hann er afkastamesti þýðandinn, en á eftir honum kemur Sigurður A. Magnússon með þýðingar á 34 ljóðverkum eftir 5 ljóðskáld.

Eins og áður sagði voru ljóðin ekki alltaf þýdd beint úr frummálinu. Til dæmis þýddi Geir Kristjánsson beint úr rússnesku en Sigurður A. Magnússon notaðist við millipýðingar. Þeir þýðendur sem þýddu úr millimáli notuðust líklega aðallega við dönsku, þýsku og ensku. Auk Sigurðar A. Magnússonar þýddu úr milli-

⁹ Aleksandr Púshkín, *Leitín að Ljúdmílu fögru: ævintýri*, þýð. Geir Kristjánsson, Reykjavík: Heimskringla, 1954.

¹⁰ A. Pushkin, „Kona fiskimannsins“, þýð. ónafngreindur, *Æskan* 11–12/1966, bls. 422–426.

¹¹ Í riti Svanfríðar Larsen er hann sagður vera Matthías Jochumsson; Svanfríður Larsen, *Af erlendri röt*, bls. 56.

¹² „Ánægja og auður“, *Norðurland* 9/1904, bls. 14.

málum þýðendur á borð við Gest Pálsson, Jón Runólfsson, Þorleif H. Bjarnason, Steingrím Thorsteinsson, Magnús Ásgeirsson, Þórodd Guðmundsson, Helga Hálfðanarson, Hannes Sigfússon og Thor Vilhjálmsson. Ekki er hægt að segja með vissu hversu margir þýðendur þýddu rússnesk ljóð úr öðrum tungumálum en rússnesku en það er hins vegar vitað hver þeirra þýddi fyrst beint úr rússnesku. Árið 1950 skrifaði Björn K. Þórólfsson í minningargrein um Sigfús Blöndal: „... jeg veit ekki til að nokkur Íslendingur annar hafi þýtt kvæði beint úr því máli [rússnesku]“.¹³

Athyglisvert er að konur hafa einkum þýtt ljóð eftir konur. Að frátaldri leikritaþýðingu Ingibjargar Haraldsdóttur, á Steingestinum eftir Púshkín, völdu þrír af fjórum kvenkyns þýðendum, Áslaug Agnarsdóttir, Ingibjörg Haraldsdóttir og Vilborg Dagbjartsdóttir, einungis verk eftir kvenkyns ljóðskáld í þýðingum sínum.

Þýðingar

Það væri líka hægt að flokka allar skráðar þýðingar út frá aðferðum þýðenda við yfirfærslu endaríms í þýðingum sínum. Endarím er nokkuð einkennandi fyrir rússneskan kveðskap og langflest skráðra ljóða voru upphaflega ort með endarími. Endarímið skilaði sér þó ekki alltaf í þýðingum.

Svo virðist sem viðhorf þýðanda til yfirfærslu ríms hafi oft verið háð ríkjandi stefnum í íslenskum kveðskap. Í þýðingum fyrri ára og allt til miðbiks 20. aldar var rússneskur kveðskapur að mestu þýddur samkvæmt gamalli íslenskri bragarhefð og allar þýðingar voru vandlega rímaðar. Þau fáeinu ljóð (fyrir utan prósaljóð Ívans Túrgenev) sem ekki voru rímuð á frummálinu fengu endarím í íslenskri þýðingu. Í þessu sambandi má nefna nokkur ljóð eftir Aleksej Tolstoj og Ílja Ehrenbúrg í þýðingu Magnúsar Ásgeirssonar en hann skrifaði í skýringum með þýðingu sinni á ljóðinu „Правда“ („Sannleikurinn“) eftir Aleksej Tolstoj: „Kvæðið er þýtt eftir þýzkri þýðingu eftir Fiedler. Er þar haldið frumhættinum, sem er rímleysa, en af því að íslenskum lesendum fellur – sem betur fer – það form kveðskapar lítt í geð, tók ég þann kost að ríma þýðinguna“.¹⁴ Með

¹³ Björn K. Þórólfsson, „Dr. Sigfús Blöndal – Minningarorð“, *Morgunblaðið*, 13. apríl 1950.

¹⁴ *Þýdd ljóð I*, þýð. Magnús Ásgeirsson, Reykjavík: Bókadeild Menningarsjóðs, 1941, bls. 343.

Þessum orðum virðist hann lýsa viðhorfi til ljóðapýðinga á hans tímum og árunum þar á undan en allar þýðingar af rússneskum ljóðverkum sem unnar voru fyrir miðja 20. öld af þýðendum á borð við Sigfús Blöndal, Þórodd Guðmundsson, Jón Runólfsson, Þorstein Valdimarsson og Guðmund Frímann eru rímaðar.

Árið 1948 kom út bók með ljóðapýðingum úr ýmsum tungumálum eftir Jóhannes úr Kötlum.¹⁵ „Þetta er tímamótaverk í íslenskum ljóðapýðingum, ekki síst vegna þess að þarna reynast þýðingar vera samstíga þeim umbrotum sem eiga sér stað í frumortri ljóðlist ...“ – skrifar Ástráður Eysteinnsson um þessa útgáfu.¹⁶ Ung ljóðskáld sem hölluðust að nýju stefnunni lögðust meðal annars gegn notkun ríms í ljóðasmíðum. Í tímaritsgrein frá árinu 1955 má lesa yfirlýsingu Jóns Óskars um þessi mál: „Yngsta skáldakynslóðin íslenzka á heiðurinn af því að hafa skorið upp herör gegn hefðbundna kvæðastaglinu sem gegndi að vísu margþættu og þörfu hlutverki á allt öðrum tíma við allt aðrar þjóðfélagsaðstæður, en var – líkt og rímnastaglið á öldinni sem leið – komið vel á veg með að kæfa ljóðið“.¹⁷

Þessi tímamót mörkuðu einnig upphaf nýrra tíma í þýðingum rússneskra ljóðverka á Íslandi. Fleiri órímuð ljóð voru valin til þýðinga, en frá þessum tímum voru engin órímuð rússnesk ljóð þýdd á íslensku með rími.

Áhrif móðernískra hugmynda á ljóðapýðingar úr rússnesku lýstu sér einnig í því að rímuð ljóð voru þýdd á íslensku án ríms. Fyrstu birtu þýðingarnar af þessu tagi voru eftir Geir Kristjánsson¹⁸ og Jón Óskar¹⁹ en í kjölfar þeirra fóru fleiri þýðendur að þeirra dæmi. Þótt rímaðar þýðingar hyrfu ekki fyrir fullt og allt, fjölgaði órímuðum þýðingum og fjölmörg ljóð eftir Alexander Blok, Andrej Voznesenskíj, Bellu Akhmadúlínu, Boris Pasternak, Genrikh Sabgir, Ígor Holín, Josif Brodskíj, Írínu Ratushínskaju, Jevgeníj

¹⁵ *Annarlegar tungur, ljóðapýðingar eftir Anonymus*, þýð. Jóhannes úr Kötlum, Reykjavík: Heimskringla, 1948.

¹⁶ Ástráður Eysteinnsson, *Tvímali*, Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun, Háskólaútgáfan, 1996, bls. 262.

¹⁷ Einar Bragi, „Í listum liggur engin leið til baka“, *Birtingur* 2/1958, bls. 27.

¹⁸ Semjon Nadson, „Smá ljóð“, þýð. Geir Kristjánsson, *Tímarit MÍR* 5/1953, bls. 3.

¹⁹ Boris Pasternak, „Af hjátrú“, þýð. Jón Óskar, *Birtingur* 1–2/1957, bls. 38.

Jevtúsjenko, Marínu Tsvetajevu, Olgu Sedakovu, Osip Mandelstam og Önnu Akhmatovu voru þýdd á íslensku án ríms, þó svo að þau væru öll rímuð á frummálinu. Ástandið virðist lítið breytt í dag og rímaðar þýðingar eru birtar samhliða órímuðum en ef marka má allra nýjustu þýðingar, til dæmis eftir Þorstein Gylfason²⁰ og Franz Gíslason,²¹ má greina nokkra tilhneigingu til yfirfærslu ríms.

Sum ljóð í skránni voru þýdd af fleiri en einum þýðanda. Að skoða og bera saman mismunandi þýðingar sama ljóðs getur verið mjög fróðlegt, ekki einungis fyrir þýðendur eða þýðingafræðinga heldur fyrir alla þá sem fást við kveðskap eða tungumál á einn eða annan hátt. Það er mikill fengur að fá í hendur slíkt textasafn. Hér eru talin upp sérstaklega, eftir ljóðskáldum í stafrófsröð, þau ljóðverk sem þýdd voru af tveim eða fleiri þýðendum:

Akhmatova, Anna (1889–1966):

- „Реквием“ (1935–1940), 3 þýðendur: Geir Kristjánsson, Ingibjörg Haraldsdóttir og Sigurður A. Magnússon;

Jevtúsjenko, Jevgeníj (f. 1932):

- „Не знаю я, чего он хочет ...“ (1957), 2 þýðendur: Arnór Hannibalsson og Geir Kristjánsson;

Lermontov, Míkhaíl (1814–1841):

- „Ангел“ (1831), 2 þýðendur: Jón Runólfsson og Sigfús Blöndal;
- „Папус“ (1832), 3 þýðendur: Geir Kristjánsson og Þorsteinn Valdimarsson; Helgi Hálfðanarson;

Mandelstam, Osip (1891–1938):

- „Горец“ („Мы живем, под собою не чуя страны ...“) (1933), 2 þýðendur: Geir Kristjánsson og Sigurður A. Magnússon;

Pasternak, Boris (1890–1960):

- „Ветер“ (úr „Стихотворения Юрия Живаго“) (1953), 2 þýðendur: Geir Kristjánsson og Sigurður A. Magnússon;
- „Зимняя ночь“ (úr „Стихотворения Юрия Живаго“) (1953), 2 þýðendur: Geir Kristjánsson og Sigurður A. Magnússon;

²⁰ *Söngfugl að sunnan*, þýð. Þorsteinn Gylfason, Reykjavík: Mál og menning, 2000, bls. 83, 85, 93, 95, 97, 101.

²¹ Aleksandr Blok, „Fótatak foringjans“, þýð. Franz Gíslason, *Jón á Baggisá* 12/2008, bls. 70.

- „Хмель“ (úr „Стихотворения Юрия Живаго“) (1953), 2 þýðendur: Geir Kristjánsson og Sigurður A. Magnússon;

Púshkín, Alexander (1799–1837):

- „Ворон к ворону летит ...“ (1828), 2 þýðendur: Magnús Ásgeirsson og Þorsteinn Valdimarsson;
- „Каменный гость“ (1830), 2 þýðendur: Ingibjörg Haraldsdóttir og Kristján Árnason;
- „Пророк“ (1826), 2 þýðendur: Helgi Hálfðanarson og Sigfús Blöndal;

Túrgenev, Ívan (1818–1883):

- „Воробей“ (úr *Senilia*) (1878), 3 þýðendur: J.S., Sigurður Þórðarson og Þorleifur H. Bjarnason;
- „Два богача“ (úr *Senilia*) (1878), 3 þýðendur: Gestur Pálsson, Sigurður Þórðarson og ótilgreindur þýðandi;
- „Нищий“ (úr *Senilia*) (1878), 2 þýðendur: Þorleifur H. Bjarnason og ótilgreindur þýðandi;
- „Пир у Верховного Существа“ (úr *Senilia*) (1878), 3 þýðendur: Sigurður Þórðarson, Steingrímur Thorsteinsson og Þorleifur H. Bjarnason;
- „Природа“ (úr *Senilia*) (1879), 3 þýðendur: Gestur Pálsson, Steingrímur Thorsteinsson og Þorleifur H. Bjarnason;
- „Разговор“ (úr *Senilia*) (1878), 2 þýðendur: Steingrímur Thorsteinsson og Þorleifur H. Bjarnason;
- „Старуха“ (úr *Senilia*) (1878), 3 þýðendur: Brynjúlfur Kúld, Steingrímur Thorsteinsson og ótilgreindur þýðandi;
- „Христос“ (úr *Senilia*) (1878), 2 þýðendur: Brynjúlfur Kúld og Þorleifur H. Bjarnason;

Voznesenskíj, Andrej (f. 1933):

- „Гойя“ (1959), 2 þýðendur: Berglind Gunnarsdóttir og Helgi Haraldsson.

Hvað komst ekki í skránar

Að lokum er ástæða til að geta þess sem ekki er í skránum en fróðlegt er að vita af. Hér eru ekki skráðar þýðingar nemenda í lokaritgerðum, óútgefnar þýðingar á rússneskum sönglögum og óperuaríum sem finna má í ýmsum tónleika- og óperuleikskráum og

ekki heldur þýðingar á laga- og minniháttar ljóðabrotum sem finna má í t.d. eftirtöldum bókum og tímaritsgreinum:²²

Aleksej Krútsjonykh, „Nýjar leiðir orðsins“, *Yfirlýsingar. Evrópska framúrstefnan*, þýð. Árni Bergmann, ritstj. Vilhjálmur Árnason, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2001, bls. 187–201;

Árni Bergmann, „Byltingin, bókmenntirnar og sósíalismiinn“, *Tímarit Máls og menningar* 4/1987, bls. 399–430;

Árni Bergmann, „Rússland skáldskaparins“ og „Athugasemdir og skýringar við þýðingar“, í: Geir Kristjánsson, *Sögur, leikerit, ljóð. Frumsamin verk og þýðingar*, Reykjavík: Mál og menning, 2001, bls. 377–410;

Árni Hilmar Bergmann, „Vladímír Majakovskí“, *Tímarit Máls og menningar* 4/1960, bls. 312–336;

Boris Pasternak, *Tilraun til sjálfsvísögu*, þýð. Geir Kristjánsson, Reykjavík: Helgafell, 1961;

Galína Vishnevskaja, *Galína. Rússnesk saga*, íslensk þýðing Guðrún Egilson, ljóðin þýddi Geir Kristjánsson, Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1990;

Magnús Torfi Ólafsson, „Boris Pasternak“, *Birtingur* 1–2/1959, bls. 47–53;

Maxim Gorky, *Barnæska mín*, þýtt úr rússnesku af Kjartani Ólafssyni, ljóðin eru íslenzkuð af Guðmundi Sigurðssyni, Reykjavík: Bókaútgáfan Reykholt, 1947;

Maxim Gorki, *Háskólar mínir*, þýtt úr rússnesku af Kjartani Ólafssyni, ljóðin eru íslenzkuð af Guðmundi Sigurðssyni, Reykjavík: Bókaútgáfan Reykholt, 1951;

Maxim Gorki, *Hjá vandalausum*, þýtt úr rússnesku af Kjartani Ólafssyni, ljóðin eru íslenzkuð af Guðmundi Sigurðssyni, Reykjavík: Bókaútgáfan Reykholt, 1950;

²² Taka skal fram að þessi listi er engan veginn tæmandi.

Maxím Gorkí, *Kynlegir kvistir: þættir úr dagbók minni*, Kjartan Ólafsson þýddi úr rússnesku, Elías Mar þýddi vísur, Reykjavík: Mál og menning, 1975;

Maxím Gorkí, *Börn sólarinnar*, íslensk þýðing Eyvindur Erlendsson, Reykjavík: Frú Emilía, 1989 (þýðingin gerð fyrst fyrir Leiklistarskóla Íslands árið 1986);

Maxím Gorkí, *Í djúpi daganna*, þýðing og aðlögun Magnús Þór Jónsson (Megas), þýtt úr ensku, Reykjavík: Íslenska leikhúsið, 1995;

Maxím Gorkí, *Í djúpinu*, íslensk þýðing Halldór Stefánsson, Reykjavík: Frú Emilía, 1989 (þýðingin gerð fyrst fyrir Þjóðleikhúsið árið 1968);

Maxím Gorkí, *Sumargestir*, íslensk þýðing Árni Bergmann, Reykjavík: Frú Emilía, 1989 (þýðingin gerð fyrst fyrir Þjóðleikhúsið árið 1979).